

Mannvist á Felli – Búsetuminjar

Málþing á Þórbergsetri 29. október 2022

Forsíðumynd: Fellsland – Horft frá Helghól við Breiðabólstað í átt að Fellsfjalli og Örafajökli, Hrollaugshólar fyrir miðri mynd. (Ljósmynd: Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Gl. 2: Efnisyfirlit

- 1) Saga Fells
- 2) Minjar í landslagi
- 3) Hjáleigur
- 4) Kynning á verkefni: Búsetuminjar í Hornafirði – hér er hægt að lesa sig nánar til um sögu Fells.

Gl. 3: Fellsland og Fellsfjall – séð frá Hrollaugshólum. (Ljós. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Bæjarstæði Fells sést engan veginn frá Þjóðvegi 1, og ekkert sjáanlegt sem bendir til að þarna hafi verið býli. Frá Hrollaugshólum er um 1,5 km í sjónlínu og við sjáum engin merki byggðar undir fjallinu.

Gl. 4: Bæjarstæðið og Fellsbrekkur – (Ljós. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Þurfum að aka um 1300 m eða nánast alla leið að bæjarstæðinu þar til fyrstu ummerki sjást. Í lýsingu Þorsteins Guðmundssonar í Byggðasögu A-Skaft. segir að bærinn hafi staðið á hól/hólum og risið því hærra frá sléttlendinu en rústirnar gera í dag, enda mikið magn af jökulleir og eðju sem barst með flóðinu og kaffærði tún og næsta umhverfi bæjarins.

Gl. 5: Hvað vitum við um sögu Fells

Jarðarinnar er ekki getið í Landnámu en er sannarlega innan landnáms Hrollaugs Rögnvaldssonar, er nam land frá Horni að Kvía.

Fell í Fellshverfi eða Fell í Hornafirði er fyrst getið árið 1513, í kaupbréfi dags. 19. Júní, þegar ábúandi Fells, Runólfur Jónsson selur Skálholtsbiskupi jörðina Skeggjastaði á Ströndum. Samkvæmt örnefnaskrá eru jarðamörk Fells: að austan um Fellsá við Reynivelli, að vestan úr vörðu á Vestri-Fellsfjöru um Hálfðánaröldu í Kaplaklif í Mávabyggðum, sem einnig eru mörk Suðursveitar og Örafæ.

Í Gíslamáldaga frá 1576 er getið hálfkirkju að Felli en síðan ekki meir. Kirkja var reist á ný árið 1699 í tíð Ísleifs Einarssonar sýslumanns en var komin í eyði 1747.

Gl. 6: Hvað vitum við.. frh.

Fell var höfuðból vegna landstærðar sinnar og metið til „hundrað hundraða“ á sínum blómatíma og talin mikil hlunnindajörð. Jörðin átti allan fjörureka fyrir sínu landi, trjáviður, fiskur og hákarl ásamt hvalreka. Selveiði í Hrollaugseyjum og afrétt í Veðurárdal. Skógarítak á Steinadal, einnig í Breiðabólstaðafjalli.

Á Felli var aðsetur sýslumanns A-Skaftafellssýslu í yfir 40 ár. Ísleifur Einarsson 1688-1720, Jón Ísleifsson 1721 – 1732.

GL 7: Eignarhald og ábúendur

Tíð eigendaskipti voru að jörðinni en hún var ávallt talin í bændaeign. Meðal eigenda að Felli, en þjuggu ekki endilega á jörðinni voru:

1522 – Teitur ríki Þorleifsson lögmaður í Bjarnanesi átti helming jarðarinnar.

1525 – Ögmundur Pálsson biskup kaupir hlutinn af Teiti Þorleifssyni.

1555 – Páll Vigfússon sýslumaður í Fljótshlíð eignast helming í jörðinni.

1570 – Anna Vigfúsdóttir (Anna á Stóruborg) erfir hlut Páls bróður síns.

Frá s.hl. 17.aldar og fram til 1736 var Fell í eigu fjölskyldu Jóns Eiríkssonar prófasts í Bjarnanesi í Nesjum, en hann var faðir Vilborgar Jónsdóttur, eiginkonu Ísleifs Einarssonar sýslumanns. Vilborg erfði jörðina eftir föður sinn, 40 hundruð, ásamt hlut í Breiðármörk.

1793 – 1800 bjó Rannveig Jónsdóttir á Felli. Það var Valgerður, dóttir Rannveigar og Jóns fyrsta manns hennar sem erfði Fell eftir föður sinn. Rannveig skipti á eignarhlut dóttur sinnar við Þorstein Vigfússon á Kálfafelli. Oddný á Gerði var sonardóttir Rannveigar.

Árið 1800 eignaðist Þorsteinn Vigfússon alla Fellsjörðina og hófu þau hjón, Þorsteinn og Ingunn Guðmundsdóttir búskap þar, en Rannveig fluttist að Kálfafelli. Frá þeim Þorsteini og Ingunni eru margir Austur-Skaftfellingar komnir.

Á 19. öldinni gekk jörðin kaupum og sölum.

Gl. 8: Jörðin er talin í samfelldri byggð, alla sína búsetusögu. Tímabilið 1650-1873 höfðu rúmlega 40 ábúendur búið á Felli, oft var þar tvíbýlt jafnvel þrívýli, en fyrir víst óslitið tvíbýli frá 1849.

Eins og áður hefur komið fram fór illa fyrir Felli í september 1868. Önnur fjölskyldan sundraðist (foreldrar báðir látnir og börn sett á sveit) en hin kom sér upp húsi í Stekkjartúni og bjó þar kotbúskapi í 2-3 ár. Fell fór endanlega í eyði 1873, í kjölfarið eignaðist Eyjólfur Runólfsson á Reynivöllum meginpart jarðarinnar og nytjaði í sinni búskapartíð.

Í dag er jörðin í eigu ríkisins og liggur öll innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs.

GL 9: Minjar mannvistar í Fellslandi – (Ljósm: Snævarr Guðmundsson, 2022)

Þegar komið er í hlað að Felli, koma í ljós tóftir af langri húsaröð, sem vitnisburður um tvíbýlið sem stóð á bæjarhólnum þegar hlaupið skall á húsunum. Í lýsingu Þorsteins Guðmundssonar frá Reynivöllum í Byggðasögu Borgarhafnarhrepps segir: „Þegar hlaupið varð, bjargaðist fólk í þænum með aðstoð nábúa. Bærinn, sem stóð á lágum hólum, varð umflotinn, en milli hans og brekkunnar var lægð, um 130 m breið, og þar rann meginvatnið fyrst. Ekki voru aðrar skepnur heima við en kýrnar, en þær voru reknar á sund upp yfir álinn og upp í brekkuna. Vatnið beljaði á bæjarhúsunum og braut flest af þeim, og margt fór til spillis. Kistur með fatnaði flutu út úr húsunum og aðrir munir, og rak sumt af því upp á fjöru. Eitthvað hékk uppi af húsunum, þegar fjaraði, þar á meðal sýslumannsskálinn, en tættarnar flestar fylltust af mól og grjóti, eins og sjá má merki til enn í dag.“ (Þ.G., 1972, bls. 259)

Gl 10 - 11: Bæjarstæðið – (Ljósmynd: Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Tóftirnar eru nokkuð dæmigerðar fyrir íslenskar fornleifar, rislitlar og láta lítið fyrir sér fara í landslaginu. Veggir hafa verið hlaðnir úr torfi og grjóti og enn má sjá hleðslusteina. Lítið er um laust hleðslugrjót, gæti verið vísbending um að efni hafi verið nýtt í aðrar byggingar eftir að húsin luku hlutverki sínu. Hæð veggja ca 50 cm þar sem hæstir. Ekki er til lýsing á bæjarhúsum en ekki ólíklegt að þau hafi verið með venjubundnu sniði miðað við önnur býli þess tíma í Suðursveit. Mest bar á tveimur húsum, baðstofunni og bæjardyrhúsi og þau staðið hlið við hlið, með timburþili á gafli og baðstofuglugga. Eldhús var vanalega næsta hús við bæjardyrnar, ekki með göngum á milli vegna eldhættu.

Stofuhús voru ekki algeng og hér á Felli hefur það trúlega ekki verið raunin en á móti var Sýslumannsskáli. Líklega hefur hann staðið hér á milli býlanna, rúmgóður og þiljaður í hólfi og gólf eins og Þórbergur lýsir. Skálinn mun hafa staðið af sér hlaupið en verið rifinn í kjölfar þess. Viðurinn var góður og traustur úr rekaviði, nýttur m.a. í beitarhús. Almennt mun viður í húsakosti Fells hafa verið góður, mun eitthvað af honum hafa ratað í baðstofur víða í Suðursveit. Fyrir framan bæjarhúsin hefur e.t.v. verið öskuhaugurinn og til hliðar við hann eru leifar af garðlögum sem gætu hafa afmarkað matjurtagarðinn.

Gl 12: Skepnuhús og meint kirkja – (Ljósmynd: Sigríður G Björgvinsdóttir nóv. 2022)

Í suðaustur frá bænum er nokkuð myndarleg tóft, trúlega af skepnuhúsi. Af því má ráða hversu mikill gróðurummerki eru í kringum mannvirkið. Veggir úr torfi og grjóti, ca. 40 cm háir, hún hefur lag dæmigerðs fjárhúss. Aldur ekki kunnur en trúlega frá 19.öld. Almennt var ekki farið að byggja yfir sauðfé fyrr en upp úr 1800. Ekki er hægt að útiloka að hlutverkið hafi verið fjós.

Kirkja: Í Gíslamáldaga frá 1576 er skráð að hálfkirkja sé á Felli en hennar er hvergi getið eftir það. Biskup skipar þar kirkju að nýju 1699 að beiðni Ísleifs sýslumanns, henni var vel við haldið á meðan sýslumenn lifðu en 1747 er kirkjan komin í eyði. Haldið hefur verið fram að kirkjur í A-Skaft hafi að jafnaði staðið suðaustur af bæjarhúsum og er þessi staðsetning í samræmi við þá hugmynd. Íbúar Steina, Breiðabólstaðar og Reynivalla hafa líklega sótt kirkjuna.

Gl. 13 - 16: Húðarhóll – Fellsbrunnur – kvíar

Uppundir Fellsfjallinu er nokkuð stór hóll, ílangur í laginu svonefndur **Húðarhóll** (Gl. 14. Ljósmynd. SGB, 2022). Í Byggðasögu segir til að spýta á skinnnum. Hér munu vera grafnar enskar nautgripahúðir sem fluttar voru inn og taldar sýktar af miltisbrandi. Hóllinn er merktur með einkenni sem miltisbrandsgrafir hafa fengið hér á landi, en Sigurður Sigurðarson fyrrum yfirdýralæknir tók að sér að merkja alla slíka staði sem vitað er um á landinu.

Rétt ofar við Húðarhól eru leifar af vatnsbólum Fells, **Fellsbrunnur** (Gl. 15. Ljósmynd: SGB, 2016). Grjóti var velt yfir brunninn eftir að búsetu var hætt til að varna því að lömb féllu í hann.

Vestur með hliðinni neðarlega er steinalögn af **kvíum** (Gl. 16. Ljósmynd: SGB, 2020). Í örnefnaskrá er talað um Fjósstein vestur af túni, þar er talið að fjósið hafi staðið áður fyrr, haft eftir Oddýju á Gerði en faðir hennar var alinn upp á Felli. Engin ummerki þess eru sjáanleg enda hefur það staðið á sléttu og líklega tekið af í flóðinu, ef það hefur staðið uppi á annað borð þegar hamfarirnar dundu yfir. Í ö-skrá segir að vestast í túninu er fiskagirðing úr grjóti. Hún var nýtt til að herða fisk, ekki sést til hennar.

Gl. 17: Austur með Fellsfjalli – (Ljósm: Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Höldum austur með Fellsfjallinu og að Fellsárbakka. Í forgrunni eru tóftir hjáleigunnar Bakka. Þar var búið fram til 1709, a.m.k. Mögulega hefur Bakki verið þá lagður undir heimajörðina.

Gl. 18: Smiðjutóft – (Ljósm. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Austan við Stöðlaskriðu er **Smiðjutóft**, er stendur upp í hlíðinni. Engar lýsingar eða frásagnir eru um tóftina. Hún er vel sýnileg í landslagi, með nokkuð stæðilega vegg um 60-70 cm háa, úr torfi og grjóti. Mannvirkið hefur líklega verið nýtt eftir að jörðin fer í eyði.

Gl. 19: Stekkjartún – beitarhús – (Ljósm. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Austan við Gýhamar er **Stekkjartún**. Nafnið bendir til að þarna hafi verið stekkur til forna. Í Stekkjartúni eru tóftir af beitarhúsum. Marghólfa tóft úr torfi og grjóti, hæð veggja allt að metri að hæð. Aðhald hefur verið vestan við húsin því garðlag liggur í framhaldi af húsunum að stóru bjargi vestan við tóftina. Eyjólfur Runólfsson bóndi á Reynivöllum lét reisa beitarhús í Stekkjartúni úr efniviði úr sýslumannsskálanum eftir að hann eignaðist jörðina. Þau voru í notkun til 1913.

Gl. 20: Beitarhús í Stekkjartúni – bæjarhús – (Ljósm. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir, að eftir hlaupið 1868 hafi „bæjarhreysi“ verið komið upp í Stekkjartúni, yfir fjölskyldu Vigfúsar Sigurðssonar sem bjó á Felli. Hvort beitarhúsin hafi verið reist á grunni þeirra bæjarhúsa er ekki vitað.

Gl. 21: Stekkjartún – (Ljósm. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Ögn norðan við beitarhúsin er nokkuð rúm og stæðileg tóft af mannvirki sem hefur verið byggt upp í hlíðina. Engar heimildir eru um þessa tóft og hvarflar að hvort hér sé um „bæjarhreysið“ að ræða sem hróflað var upp fyrir fjölskyldu Vigfúsar. Tóftin er einhólfa með vegg í breiðara lagi, hlaðnir úr torfi og grjóti.

Gl. 22: Brúsi í Mjósundaárgili – (Ljósm. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Fremst í gljúfrinu við Mjósundaá er hellisskúti sem heitir **Brúsi** eða Brúsaheilir. Hann var nýttur sem fjárrétt frá Felli auk þess að það var aðalfjárbyrgi á veturnum fyrir útigangsfé. Sagan segir að hann tengist Rannveigarhelli í Staðarfjalli!

Gl. 23: Fellsskjól – (Ljósm. Sigríður G Björgvinsdóttir, 2020)

Fyrir miðju Fellsgljúfrið er **Fellsskjól** – hellisból allstórt og þar var haft fé, þar er afþiljuð heygeymsla, viðurinn mögulega úr sýslumannsskálanum. Í ö-skrá segir: „þilið er mjög vel varðveitt, því þarna er alltaf þurrt.“ Þarna var beitarfé haft áður fyrr.

Gl. 24: Hjáleigur Fells – (kortagerð: Sigríður G Björgvinsdóttir, 2022)

Bakki – Antasel – Borgarhóll – Brennhólar

Á Breiðamerkursandi voru nokkur býli sem teljast víða í heimildum hjáleigur Fells. Þetta eru Antasel, Bakki, Borgarhóll og Brennhólar. Vitneskja um nákvæma staðsetningu þeirra er glötuð nema vitað er fyrir vísit

um staðsetningu Bakka. Hér er lögð fram hugmynd að fræðilegri staðsetningu þeirra út frá þeim litlu heimildum sem við höfum.

Bakki stóð í austur frá bæjarhúsum á Felli, við bakka Fellsár. Þar sjást enn veglegar tóftir og var búið þar samkvæmt manntali 1703. Bakki er talinn með bújörðum í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 og er það hið síðasta sem vitað er um hjáleigu þessa. Vera má að búið hafi verið lengur á Bakka og það talið eitt af býlum Fells á 18. öld. Eins og fyrr kom fram var oftast tvíbýli á Felli, einnig er dæmi um þríbýli um tíma. Sú jörð mun hafa lagst fyrst í eyði af hjáleigum Fells (að Antaseli frátöldu). Vekur það furðu, ekki síst vegna þess hversu greinilegar bæjarhúsatóftir er þar að finna, virðast þær ekki svo gamlar að sjá í samanburði við lágreistar tóftirnar af Fellsbænum. Þekkt búsetutímabil: < 1709

Antasel var fornt býli á Breiðamerkursandi. Litlar heimildir eru til um þetta býli enda komið í eyði fyrir manntal 1703. Byggðasagan segir að bærinn hafi staðið í norðvestur **skammt** frá Hrollaugshólum, þar er lítill klettur er ber sama nafn. Búsetutími er ekki kunnur.

Brennhólar voru líklega tvö býli, efri og neðri, og eiga að hafa staðið rétt vestan Veðurár. Annað býlið var aflagt fyrir 1700 en hitt í byggð við manntal 1703 en komið í eyði 1707. Samkvæmt Sveini Pálssyni voru Brennhólar komnir undir jökul 1794, en Flosi Björnsson frá Kvískerjum telur það hafa gerst jafnvel fyrr.

Borgarhóll stóð vestan undir Fellsfjalli, nálægt Veðurá sem var eina jökuláin sem rann frá jöklinum austanverðum í lok 18. aldar. Þekkt búsetutímabil er 1703 – 1763. Þorsteinn Guðmundsson skráir í byggðasögu Borgarhafnarhrepps að bæinn hafi tekið skyndilega af. Tveir bræður bjuggu þá á Borgarhól, Sesseljusynir og komust með naumindum að Felli með nokkrar kindur og tvo rauða hesta. Borgarhóll er skráður algerlega í eyði um 1800.

Gl. 25: Fellssel

Eftir heimildum var haft í seli frá Felli, **Fellssel** fram á miðja 19.öldina, en nákvæm staðsetning þess er ekki kunn. Þórbergur lýsir að það hafi staðið á grasfit sem stóð upp úr sandhafinu úti undir fjöru suður af Felli. Hans Frisak, danskur landmælingamaður sem var hér við landmælingar í byrjun 19. aldar lýsir því í dagbók sinni fyrir árið 1813: „... *Fellsel, sem liggur svo einmana á grænu sléttlendi og lítur dökkt út í ljósgrænni jörð sem það stendur á.*“ Frisak þurfti að nota þak selsins sem mælipunkt og sá punktur er sýndur á korti Björns Gunnlaugssonar frá 1844, út frá staðsetningu Frisaks.

Gl. 26: Fellssel (Kortagerð: Snævarr Guðmundsson, Náttúrustofa Suðausturlands, nóv. 2022)

En hnitakerfi þess tíma var með allt öðrum hætti en í dag og ekki verið hægt að finna réttu og nákvæmu staðsetninguna fyrr en mögulega nú!! Við Snævarr Guðmundsson höfum skoðað þessar upplýsingar og komist að niðurstöðu að Fellselið gæti hafi staðið innan þessa svæðis....

Unnið upp úr eftirfarandi heimildum:

- Einar Bragi, (1974). *Þá var öldin önnur II*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja hf.
- *Manntal á Íslandi árið 1703*, (1924-1947). Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands
- Sveinn Pálsson, Jón Eypórsson, Pálmi Hannesson, & Steindór Steindórsson, (1983). *Ferðabók Sveins Pálssonar : Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. I. Bindi (2. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf
- Sveinn Pálsson, Jón Eypórsson, Pálmi Hannesson, & Steindór Steindórsson, (1983). *Ferðabók Sveins Pálssonar : Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. II. Bindi (2. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf
- Stefán Einarsson (1961). *Örnefnaskrá fyrir Fell*. Heimildarmaður: Þorsteinn Guðmundsson, Reynivöllum. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Þorsteinn Guðmundsson, (1972). *Byggðasaga Borgarhafnarhrepps*. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu: II. Bindi. Mýrar og Suðursveit* (bls. 131-264). Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjónsó
- Þórbergur Þórðarson, (1984). *Í Suðursveit*. Reykjavík: Mál og Menning